

10

Endurkoma Krists

Á hverju ári fögnum við fæðingu frelsarans á jólum. Þetta er tími gleði og íhugunar. En vissir þú að fyrir hvern spádóm sem segir fyrir um fæðingu Krists í Gamla testamentinu eru átta sem segja fyrir um endurkomu hans? Biblían nefnir endurkomu Jesú yfir 1500 sinnum.

Endurkoma Drottins er nefnd í einu af hverjum fimm versum Nýja testamentisins. Það sýnir hversu mikilvæg hún er! Þetta var eitt af uppáhaldsþemum Jesú og hann talaði oft um það.

Hér á eftir munum við rannsaka hvað Biblían kennir um þennan stórkostlega atburð, endurkomu Krists.

1. Hvaða loforð gaf Jesús lærisveinum sínum varðandi endurkomu sína? Jóhannes 14.1-3

2. Hvað sagði Jesús að hann myndi gera þegar hann kæmi aftur? Matteus 16.27

3. Á hvaða hátt segir Biblían að Jesús muni koma aftur? Opinberunarbókin 1.7; Postulasagan 1.9-11

4. Verður endurkoman leynilegur og hljóður atburður? Sálarnir 50.3-4

Ath. Það verður engin leynd yfir endurkomunni. Biblían kennir að allir muni vita af því þegar þessi mikilvægi atburður á sér stað. Þetta verður mjög raunverulegur, sýnilegur og heyranlegur atburður!

5. Hvað munu englarnir aðhafast á þessum tíma? Matteus 24.30-31; 25.31

Ath. Þegar einn engill velti steininum frá gröf Krists urðu varðmennirnir sem örendir, blindaðir af nærveru engilsins sem var eins og „elding ásýndum“. Matteus 28.2-3. Hugsaðu þér þá dýrdina sem mun birtast þegar „tú þúsundir tíu þúsunda og þúsundir þúsunda“ engla koma með Kristi! Opinberunarbókin 5.11.

6. Hvað kemur fyrir þá sem eru „í Kristi“ þegar hann kemur aftur?

1 Þessaloníkubréf 4.16-17

10-2

7. Hvað gera þeir sem ekki eru „í Kristi“ á þeim tíma? Opinberunarbókin 6.15-17

Ath. Þetta er ein af sorglegustu myndum sem Biblían dregur upp – fólk sem viljandi og stöðugt hafnar þeim sem elskar það svo mikið og gerir sér grein fyrir því að lokum að þau eru glötuð. Þetta er svo sorglegt vegna þess að saga þeirra hefði getað verið öðruvísi.

8. Hvaða breyting verður á líkama okkar þegar Kristur kemur aftur?

1 Korintubréf 15.51-54

Samantekt: Endurkoma Drottins vors verður ekki leynilegur atburður heldur stórkostlegasti atburður sem mun hafa átt sér stað. Fyrir suma verður þetta dásamlegur atburður og fyrir aðra verður hann ógnvekjandi. Guð þráir að við verðum öll á himnum með sér en hann vill ekki neyða þá sem hafna honum. Og hann getur heldur ekki tekið þá með sem ekki vilja vera þar. Hann mun aldrei aftur leyfa öryggi himnaríkis að vera stofnað í hættu.

Svör við nr. 10

Spurning 1 – Að hann væri að búa okkur stað

Spurning 2 – Hann mun gjalda sérhverjum eftir breytni hans

Spurning 3 – Í skýjum himinsins

Spurning 4 – Nei

Spurning 5 – Þeir munu fylgja Jesú

Spurning 6 – Þeir munu mæta honum í loftinu

Spurning 7 – Þeir munu vilja fela sig fyrir honum

Spurning 8 – Þeir munu verða óförgengilegir og ódauðlegir